



Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Gjaldskráreglur Leikskólans Leikhólts

Gjaldskrá leikskólans er endurskoðuð einu sinni á ári af skólanefnd sem gerir tillögu til sveitarstjórnar um breytingar á henni.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiðir að stærstum hluta kostnað við leikskóladvöl barna og fæðiskostnað í leikskólanum Leikholti. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við dvalartíma barns þeirra skv. dvalarsamningi, vistunargjald, og hluta kostnaðar við þær máltíðir sem barnið fær í leikskólanum, fæðisgjald. Að auki greiða foreldrar fyrir þann tíma sem börn þeirra dvelja umfram skilgreinds opnunartíma, umframvistunargjald.

Hægt er að sækja um endurgreiðslu á fæðisgjaldi eftir á ef barn hefur verið veikt í samfellt eina viku. Ef um lengri veikindi er að ræða er endurgreiðsla metin hverju sinni. Með beiðni um endurgreiðslu ber að framvísa læknisvottorði.

Ef barn er í frí meira en eina viku geta foreldrar sótt um niðurfellingu á fæðisgjaldi fyrir umbeðna daga. Sækja þarf um fyrirfram með mánaðar fyrirvara.

Hægt er sækja um að fá niðurfellingu á umframvistunargjöldum í lengri tíma, miðast við heilar vikur, ef ósk um slíkt berst til leikskólastjóra með mánaðar fyrirvara áður en leyfi á að hefjast (hvert tilfelli verður þó metið fyrir sig). Niðurfelling gjalda er færð til frádráttar í mánuðinum eftir á. Að öðrum kosti telst dvalarsamningurinn í gildi og greiða þarf fullt gjald fyrir plássíð.

Ekki eru greidd leikskóla- eða fæðisgjöld á meðan leikskóli er lokaður vegna sumarlokunar.

Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót.

Gjaldskrá leikskólans er birt á heimasíðu leikskólans og heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt af sveitarstjórn 02.02.2022